

## Umsögn um frv. um br. á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 1130. mál

Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar veitir eftirfarandi umsögn f.h. Grindavíkurbæjar.

Tilfni er til þess að þakka gott samstarf við starfshóp ráðuneyta um undirbúning frekari stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavík.

### Afstaða til frumvarpsins

Tekið hefur verið tillit til ábendinga atvinnuteymis varðandi útfærslu breytinga á lögum um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 15/2024. Mjög jákvætt er að nú gefst fyrirtækjum kostur á að miða fjölda stöðugilda við nóvember 2023 í stað þess að miða við fjölda stöðugilda í þeim mánuði sem umsókn nær til.

Í kynningu á frumvörpunum á samráðsfundi atvinnuteymis með fyrirtækjum í Grindavík komu fram sjónarmið um að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu þyrftu að gilda afturvirk. Er því sjónarmiði hér með komið á framfæri. Vert er að benda á að endurskoðun umsókna sem þegar hafa hlotið afgreiðslu myndi ekki vera umfangsmikil þar sem aðeins er um að ræða um 30 lögaðila.

Helsti ágalli við útfærslu rekstrarstuðnings er að hann styðst eingöngu við tekjufall rekstraraðila en ekkert tillit er tekið til kostnaðar sem er í rekstrinum. Fyrirtæki eiga misjafnlega auðvelt með að bregðast við og lækka kostnað. Þar sem fastur kostnaður er hlutfallslega hár getur tekið marga mánuði að bregðast við tekjufalli. Tiltölulega lítið tekjufall getur skaðað fyrirtæki meira en önnur ef kostnaður er fastur enda tekur þá lengri tíma að bregðast við. Þá er líka mögulegt að fyrirtæki verði fyrir litlu eða engu tekjufalli en það leiði til verulega aukins kostnaðar en annars hefði verið.

Að öðru leyti gerir atvinnuteymi ekki athugasemdir við útfærslu í I. kafla frumvarpsins.

Ekki er tilfni til ábendinga við II. og III. kafla frumvarpsins, sem varða framlengingu á húsnæðisstuðningi, til 31. desember 2024, og launastuðningi, til 31. ágúst 2024.

### Ólíkar aðstæður fyrirtækja

Eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu hefur atvinnuteymi komið á framfæri við starfshóp fjögurra ráðuneyta ábendingum um frekari stuðningsaðgerðir, sbr. fylgiskjal með umsögn þessari. Þær ábendingar snúa einkum að eftirfarandi atriðum:

Náttúruhamfarir hafa leitt til þess að rekstrarskilyrði nær allra fyrirtækja í Grindavík hafa versnað til mikilla muna. Þau búa við ógn af jarðhræringum og eldgosum á hverjum degi. Sum þeirra hafa getað komið af stað einhverjum rekstri og aðlagað starfsemi sína að þessum breyttu aðstæðum. Það hefur hins vegar í öllum tilfellum í för með sér aukinn kostnað og óhagræði auk þess sem tekjur hafa dregist saman.

Þegar íbúar hafa flutt úr bænum er það atvinnulífið sem getur haldið einhverju lífi á staðnum. Það er mikið virði í því fyrir íslenska ríkið sem haghafa að ljósinn verði áfram

kveikt í Grindavík þótt íbúar flytji tímabundið á brott. Þegar fyrirtæki standa frammi fyrir þeim áskorunum sem fyrirtæki í bænum gera þarf að styðja við þau með margvíslegum hætti. Það er ekki hægt að láta þau ein um aukinn rekstrarkostnað og taka á sig tekjufall. Þá þarf áfram eins og í öðrum atvinnurekstri að fjárfesta í viðhaldi og endurnýjun framleiðslutækja til að halda samkeppnisstöðu.

Önnur fyrirtæki hafa ekki getað fundið flöt á að hefja starfsemi sína aftur. Mikilvægt er að í aðgerðum til stuðnings fyrirtækjum sé hugað að þeim margbreytilegu aðstæðum sem fyrirtækin eru í. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda hafa til þessa sneitt algjörlega hjá hluta fyrirtækja í Grindavík og hætta er á að svo verði áfram. Tilefni er til að rýna nánar hvort tillögurnar þurfi ekki að ganga lengra til að ná settum markmiðum.

### **Stuðningslán**

Stjórnvöld hafa boðað að frumvarp um stuðningslán verði lagt fram á haustþingi.

Varðandi slíka lántöku verður að vera fyrirsjáanleiki í að rekstur fyrirtækja skili nægjanlegri framlegð til að greiða af lánum. Að öðrum kosti verður um vanskil að ræða með tilheyrandi rekstrarvanda. Þessi fyrirsjáanleiki hefur ekki verið til staðar og ekki útlit fyrir að það breytist á næstunni. Það væri hættulegt fyrirtækjum í Grindavík ef þau færu í að taka lán til að greiða rekstrarkostnað. Það væri ekki til annars en að auka á vanda þeirra.

### **Leigustyrkur**

Valkostur við stuðningslán gæti verið að bjóða fyrirtækjum upp á leigustyrk til þess að geta haldið rekstri áfram á öðrum stað þótt eigið fé sé bundið í fasteign í Grindavík. Í því myndi felast hvati til að halda rekstrinum áfram á öðrum stað en viðhalda verðmætum í eignum í Grindavík. Þangað geti fyrirtækið svo aftur flutt þegar áföllin eru um garð gengin.

Hugmyndin felur í sér að fyrirtæki sem á fasteign sem notuð hefur verið í rekstri þess í Grindavík geti leigt ríkinu eignina í 12-18 mánuði gegn eftirfarandi skilyrðum:

- a. Fyrirtækið flytji rekstur sinn í annað sveitarfélag og leigi þar aðstöðu. Leigutekjur verði að fullu notaðar til að greiða fyrir nýja aðstöðu.
- b. Leigugreiðslur ríkisins verði ekki hærri en leiga af annarri aðstöðu.
- c. Leigufjárhæð taki mið af fasteignamati eða brunabótamati, hugsanlega með hámarki.
- d. Eigandi megi eftir sem áður nota fasteign sína til atvinnurekstrar og viðhalda henni. Hins vegar ekki hafa af henni tekjur með útleigu til annarra.

Það er von atvinnuteymis að þessi hugmynd fái frekari skoðun á næstu vikum og mánuðum. Veruleiki margra fyrirtækja í Grindavík er að eignir þeirra eru ekki notaðar til atvinnurekstrar. Eigið fé þeirra er hins vegar að mestu bundið í þessum eignum og á meðan ekki koma til tekjur af eignunum verður ekki mögulegt að nota það eigið fé til gagns. Þannig geta fyrirtækin ekki komið sér fyrir annars staðar. Þetta á m.a. við um fyrirtæki í ferðaþjónustu og fyrirtæki sem fyrst og fremst þjónuðu þörfum Grindvíkinga.

Á meðan ekki kemur til uppkaupa hafa eigendur þessara eigna ekki önnur ráð en að bíða þar til sér fyrir enda náttúruhamfaranna. Þessi fyrirtæki gætu sum samt komið sér tímabundið fyrir annars staðar ef þau hefðu tekjur af núverandi fjárfestingu í Grindavík. Eftir því sem atvinnulíf eflist má gera ráð fyrir að einhverjir væru tilbúnir til að leigja atvinnuhúsnæði í Grindavík, sérstaklega ef það er tímabundið á lægra verði. Húsnæði gæti þannig verið í útleigu þar til eigandi þess sér aftur hag í að koma af stað rekstri í Grindavík.

### **Lokaorð**

Vart þarf að minna þingmenn á að náttúruhamfarirnar á Reykjanesi standa ennþá yfir. Út frá upplýsingagjöf Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra og Veðurstofunnar má gera ráð fyrir að tilefni verði til að endurskoða gildistíma stuðningsaðgerða sem kveðið er á um í frumvarpinu á haustþingi. Er þess vænst að leitast verði við að tryggja fyrirsjáanleika með því að leggja tillögur um slíkar aðgerðir fram við upphaf haustþings.

4. júní 2024

F.h. atvinnuteymis Grindavíkurbæjar

Guðjón Bragason